

Rangárþing ytra



Stofnað 2002

## **Upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins í samkomubanni – uppfært 23.3.2020**

Markmiðið er að halda gangandi eins mikilli þjónustu sveitarfélagsins og mögulegt er á hverjum tíma þrátt fyrir samkomubann og hugsanleg veikindi eða sóttkví starfsfólks. Horft er til þess að draga úr smithættu meðal almennings og vernda lykilstarfsmenn frá sóttkví eða veikindum.

### **Hér má finna yfirlit yfir þjónustu stofnana sveitarfélagsins meðan á samkomubanni stendur, uppfærðar jafnóðum og breytingar verða.**

**Leikskólar:** Leikskólarnir Heklukot og á Laugalandi verða opnir næstu fjórar vikur eftir því sem aðstæður leyfa, en starfsemi og leikskólahaldið sjálft verður með öðru sniði sem kynnt hefur verið fyrir öllum foreldrum núna að afloknum starfsdegi í dag. Börnin verða í minni hópum og samgangur milli deilda mjög takmarkaður.

**Grunnskólar:** Skólahald í grunnskólanum á Hellu og Laugalandsskóla verður með breyttu sniði sem þegar hefur verið kynnt fyrir foreldrum og forráðamönnum. Gengið er út frá því, samkvæmt tilmælum stjórnvalda, að í skólastofum, mötuneyti, skóladaðheimili og skólabílum sé nemendum raðað með eins miklu millibili og unnt er og aldrei séu fleiri en 20 saman í hópi. Þeir sem kjósa að hafa börnin sín heima á meðan að þetta ástand varir eru vinsamlegast beðnir um tilkynna það til skólanna og umsjónarkennari mun síðan vera í sambandi upp á áframhaldandi nám.

**Tónlistarskóli:** Starfsmenn Tónlistarskóla Rangæinga hafa í dag unnið áætlun fyrir kennslu næstu vikunnar. Forskólakennsla og aðrir hópatímar eru felldir niður fram yfir páska. Einstaklingskennslan verður öll sett yfir í fjarkennslu en svo vel vill til að allir kennarar skólans hafa nýverið farið í gegnum námskeið varðandi slíka kennslu. Kennarar skólans munu vera í nánu sambandi við nemendur og foreldra til þess að halda utanum heimanámið og æfingarnar.

**Íþróttamiðstöð:** Íþróttamiðstöðvar á Hellu, Laugalandi og Þykkvabæ, þ.m.t. íþróttasalir, sundlaugar og líkamsrækt verða lokaðar frá og með hádegi 23. mars þar til annað verður ákveðið.

**Félagsþjónustan** mun standa sína vakt og eru skjólstæðingar félagsþjónustunnar hvattir til að hafa samband símleiðis eða í tölvupósti við starfsmenn til að fá frekari upplýsingar.

**Þjónustumiðstöðin** að Eyjasandi á Hellu er lokuð almenningi en bent á vaktsíma þjónustumiðstöðvar 487 5284. Hægt er að hafa samband við starfsmenn með síma eða tölvupósti og eru upplýsingar á [www.ry.is](http://www.ry.is).

**Sorpstöð:** Reiknað er með óbreyttri sorphirðu.

**Skrifstofa:** Afgreiðsla og skrifstofa er lokuð gestum og utanaðkomandi en símsvörun eins og vanalega mán-fim. frá 9:00-15:00 og fös. Frá 9:00-13:00. Öllum sem eiga erindi við skrifstofuna er bent á að hringja eða senda tölvupóst. Starfsemi skrifstofunnar er með óbreyttu sniði þó svo að afgreiðslan sé lokuð tímabundið og síminn er 488 7000. Hægt er að senda tölvupósta á netfangið [ry@ry.is](mailto:ry@ry.is) og einnig eru upplýsingar um netföng starfsfólks á heimasíðunni [www.ry.is](http://www.ry.is).

**Félagsmiðstöð** verður lokuð þar til annað verður ákveðið og æfingar á vegum Umf. Heklu, KFR og Garps falla niður.

**Námsver** í Miðjunni á Hellu er lokað þar til annað verður ákveðið. Aðstaðan er tímabundið notuð til sýnatöku hjá Heilsugæslu Rangárþings.